

Kæru nýstúdentar, starfsfólk og aðrir gestir – til hamingju með daginn!

Fyrir þrettán árum, árið 2005, ákvað ég að sækja um nám á félagsfræðibraut við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Ég var með plan sem ég var búin að undirbúa í nokkur ár. Ég ætlaði að verða hárgreiðslumeistari, og eftir að FSN kom ákvað ég að hér myndi ég ljúka bóklegu námi og flytja svo til Reykjavíkur í hárgreiðslunám. Þetta var allt vel kortlagt hjá mér og ekkert átti að stoppa mig.

Ég var ánægð með fyrirkomulagið hér í skólanum og sá fram á að geta lokið helstu skylduáföngum í FSN og flutt suður næsta ár. En frábært félagslíf, líflegir tímar, skemmtilegt samstarf með kennurum og öll tækifærin sem voru í boði hér heima fóru að heilla mig. Áralanga planið mitt að flytja suður flaug svo alveg út um gluggann þegar ég kom auga á ég ástina í lífinu hér í matsalnum – það var ekki aftur snúið.

Ég mun aldrei sjá eftir því að hafa ákveðið að stunda nám hér í FSN enda hvergi betri staður til að læra og lifa. Fyrsta önnin var algjört ævintýri og maður fór alltaf með smá fiðring í maganum í rútuna á morgnanna. Með tímanum eignaðist maður vini úr öllum bæjum og við fundum fljótt á okkur að þessi skóli væri upphafið á sterkri vináttu á milli sveitarfélaga – rígur á milli bæja heyrði brátt sögunni til.

Að stunda nám í FSN opnaði dyr fyrir okkur krakkana og marga aðra á Snæfellsnesi. Íbúar sem aldrei náðu að ljúka námi höfðu loks tækifæri til þess og í tímum mátti sjá nemendur í öllum aldurshópum. Nám hér heima gerði okkur líka kleift að taka þátt í samfélaginu, til dæmis í félagsstarfi, í öflugum íþróttafélögum, vinna með skóla og verja tíma með fjölskyldu og nýjum og gömlum vinum – allt í öruggu umhverfi.

Eftir þrjú og hálf frábær ár hér í FSN útskrifuðumst við Snæbjörn ásamt fríðum hópi af 22 stúdentum í desember 2008. Í þetta skiptið var ég ekki með langtímaáætlun um hvað ég ætlaði að gera í lífinu, en eitt var ég alveg harðákveðin með – ég ætlaði sko alls ekki í háskóla og var ekki feimin við að tilkynna það. Búin að ákveða skólalaus framtíð var ég frelsinu fegin við útskrift; engin verkefni, engin próf og engin skyldumæting. Ég ætla bara að segja ykkur það strax að ég gæti ekki hafa haft meira rangt fyrir mér.

Þremur vikum fyrir útskrift var ég búin að ákveða að fara til Kanada eftir áramót sem au pair. Ég var svo heppin að vera hjá yndislegri fjölskyldu sem ég er enn í mjög miklum samskiptum við. Lífið í Kanada opnaði augun mín fyrir nýjum möguleikum í lífinu og að fátt getur stoppað mann ef maður veit hvað maður vill.

Eftir hálft ár í Kanada flutti ég aftur heim og vann í eitt ár til að safna pening. Samhliða því var ég í leikfélaginu í Stykkishólmi og tók áfanga í mannfræði hér í FSN. Árið 2010 gerði ég það sem ég ætlaði sko alls ekki að gera – skrá mig í háskóla. Heilluð af mannfræðinni skræði ég mig í BA nám við Háskóla Íslands.

Ég leit á háskólanám sem gífurlegt stökk í lífinu og fannst ég mjög fullorðin, og í raun viti mínu fjær. Tíminn í Reykjavík leið mjög hratt og ég aðlagðist fljótt. Ég varð yfir mig ástfangin af mannfræðinni og eyddi örugglega fleiri stundum á Þjóðarbókhöðunni en ég gerði heima. En eftir eitt ár var ég strax farin að líta í kringum mig, fyrst ég gat farið í háskóla að læra, af hverju ekki að gera þetta aðeins meira krefjandi, námslega og félagslega. Á öðru ári fór ég í skiptináám í Stokkhólmsháskóla og voru það einu bestu tímar lífs míns. Námið var frábært og félagslífið fjölbreytt, og í dag á ég vini út um allan heim og hef náð að heimsækja nokkra á ferðalögum mínum erlendis. Í skiptináminu lærði ég að sterkt tengslanet og öflugt félagslíf er ekki síðra veganesti en nám.

Árið 2013 útskrifaðist ég úr Háskóla Íslands, enn og aftur frelsinu fegin, en í þetta skiptið meðvituð um að ég yrði ekki verkefnalaus næstu árin. Snæbjörn stundaði nám við iðjupjálfun í Danmörku og þar vildi ég vera, og fór í meistaranám í þróunarfræðum og alþjóðatengslum í Háskólanum í Álaborg. Námið þar var mun meira krefjandi og kannski alvarlegra, en þarna var maður kominn meðal fólks sem ætlaði að breyta heiminum. Sem hluti af náminu þurftu allir nemendur af fara í starfsnám, erlendis eða í Danmörku. Að sjálfsögðu kaus ég að flakka meira og komst inn í frábært starfsnám hjá samtökum mannréttinda- og öryggismála í Boston og var þar í hálf ár.

Fljótlega eftir útskrift árið 2015 fluttum við heim og sjáum ekki eftir þeirri ákvörðun. Nú starfar Snæbjörn sem iðjupjálfi á hjúkrunarheimilum á Snæfellsnesi og ég sem verkefnastjóri umhverfissvottunar Snæfellsness og erum við mjög þakklát að geta nýtt menntun okkar á heimaslóðum.

Að koma aftur heim eftir allt þetta flakk opnar augun fyrir manni hvað við erum heppin hér á Snæfellsnesi. Samfélagið, náttúran og öryggið sem við búum við er ekki sjálfgefið og það eru forréttindi að geta haft það gott hér heima en líka átt möguleikann á því að kynnast öðrum menningarheimum.

Líf okkar hefur einkennst svolítið af stórum skyndiákvörðunum, en það byrjaði allt hér í Fjölbautaskóla Snæfellinga. Það er gott að gera áætlun um framtíðina, en það er líka frábært að hafa rými fyrir skyndiákvörðanir og u-beygjur. Í öllum þessum lífsákvörðunum eru sjálfsögðu einhver mistök eða eitthvað sem ég hefði gert öðruvísi, en maður byggir framtíðina svolítið af lærdómnum. Að taka þátt er það mikilvægasta, en lífið er nefnilega verkefni, próf og skyldumæting.

Kæru nýstúdentar – innilega til hamingju með daginn og gangi ykkur vel í framtíðinni!